

FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/742

2018/EES/72/17

frá 1. mars 2018

um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í lóðningarefni með háu bræðslumarki, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði ⁽¹⁾, einkum a-lið 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 2011/65/ESB er þess krafist að aðildarríkin tryggi að raf- og rafeindabúnaður, sem settur er á markað, innihaldi ekki blý.
- 2) Með a-lið 7. liðar III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB er veitt undanþága fyrir notkun blýs í lóðningarefni með háu bræðslumarki (s.s. sem eru að stofni til úr blýi og styrkur blýs í þeim er 85% eða meiri) til 21. júlí 2016. Framkvæmdastjórninni barst umsókn um endurnýjun á þessari undanþágu í tengslum við 1.–7. flokk og 10. flokk fyrir 21. janúar 2015, í samræmi við 5. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB.
- 3) Blý gefur lóðningarefni mikilvæga eiginleika, s.s. hátt bræðslumark, rafleiðni, varmaleiðni, mótanleika, þol gegn tæringu, hentuga oxunareiginleika og vætunarhæfni.
- 4) Enn er ekki vísindalega eða tæknilega mögulegt að skipta út blýi eða taka það út þegar um er að ræða lóðningarefni með háu bræðslumarki. Sem stendur er ekki heldur unnt að þrengja gildissvið undanþágunnar vegna mikils fjölbreytileika í viðkomandi notkun.
- 5) Þar eð engir áreiðanlegir staðgöngukostir eru í boði á markaði fyrir viðkomandi notkun í 1.–7. flokki og 10. flokki eða verði líklega í boði á markaði í náninni framtíð er endurnýjun á undanþágu með gildistíma til 21. júlí 2021 réttmæt, en lítilvæg skipting textans og styttri gildistími gætu leitt til óþarfa stjórnsýsluálags fyrir iðnaðinn. Til að koma í veg fyrir að gildissvið undanþága skarist innan III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB skýrir tillagt orðalag að notkun, sem fellur undir undanþágu 24 (lóðningarefni til lóðunar á skífulaga og flötum, marglaga keramikþéttum með málmhúðuðum götum), sé undanskilin undanþágu 7 a). Að því er varðar aðra flokka en 1.–7. flokk og 10. flokk gildir núverandi undanþága samkvæmt gildistíma sem settur er fram í annarri undirgrein 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB.
- 6) Því ætti að breyta tilskipun 2011/65/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júní 2019. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. júlí 2019.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjftð. ESB L 123, 18.5.2018, bls. 112. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 210/2018 frá 26. október 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(¹) Stjftð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 1. mars 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í stað a-liðar 7. liðar III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB komi eftirfarandi:

„7 a)	Blý í lóðningarefni með háu bræðslumarki (þ.e. málmblendi sem eru að stofni til úr blýi og styrkur blýs í þeim er 85% eða meiri)	Gildir um 1.–7. flokk og 10. flokk (að undanskilinni notkun sem fellur undir 24. lið þessa viðauka) og fellur úr gildi 21. júlí 2021. Fellur úr gildi 21. júlí 2021 að því er varðar 8. og 9. flokk, að undanskildum lækningatækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi og vöktunar- og eftirlitstækjum í iðnaði. Fellur úr gildi 21. júlí 2023 að því er varðar 8. flokk, lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi. Fellur úr gildi 21. júlí 2024 að því er varðar 9. flokk, vöktunar- og eftirlitstæki í iðnaði, og að því er varðar 11. flokk.“
-------	--	---